

ORLOF - RSÍ



**RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**

Orlofshúsabæklingur Rafiðnaðarsambands Íslands

ALMENNAR UPPLÝSINGAR VEGNA LEIGU ORLOFSHÚSA

Allir fullgildir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum, innskráning með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þegar bóka á orlofshús á vefnum verður að skrá sig inn og ljúka bókun með greiðslu. Hægt er að greiða með bæði debet- og kreditkortum. Ef ekki er gengið frá greiðslu fellur bókunin niður innan örfárra klukkustunda.

Páskar og sumar

Sækja þarf sérstaklega um fyrir páska- og sumartímabil. Sótt er um rafrænt á orlofsvefnum. Hægt er að setja allt að tíu valmöguleika, setja skal þá númer eitt það orlofshús og tímabil sem félagsmaður óskar helst eftir o.s.frv.

7. janúar ár hvert er opnað fyrir umsóknir um dvöl yfir páska í orlofshúsum innanlands (miðvikudag til miðvikudags) og lýkur umsóknarfresti **27. janúar**. Úthlutað er rafrænt og hæsta punktastaða umsækjenda ræður niðurstöðu.

1. febrúar ár hvert er opnað fyrir umsóknir um dvöl í orlofshúsi innanlands yfir sumartímann (síðasta helgi maí til síðustu helgar ágúst). Síðasti dagur til að skila inn umsókn er **28. febrúar**.

Úthlutað er rafrænt og hæsta punktastaða umsækjenda ræður niðurstöðu.

Punktafrádráttur við hverja leigu er allt frá tveimur punktum í vetrarleigu til þrjátíu og sex punkta í sumarleigu innanlands og íbúðir á Spáni og Kaupmannahöfn.

Orlofsaðstaða erlendis er opin til bókunar allt árið, ekki þarf að sækja um það sérstaklega. Eingöngu er hægt að leigja tvær vikur í senn frá páskum og fram í miðjan október í íbúðunum á Spáni. Á öðrum árstíma er lengd leigutíma að óskum hvers og eins.

Íbúð í Kaupmannahöfn er í útleigu allt árið, leigutími er ein vika í senn frá páskum fram í miðjan október. Á öðrum árstíma er lengd leigutíma að óskum hvers og eins.

Hús á Flórída er til útleigu allt árið um kring, lengd leigutíma er að óskum hvers og eins, en að hámarki hægt að leigja þrjár vikur í senn. Mælst er þó til að félagsmenn leigi að jafnaði ekki fleiri en tvær vikur í senn til að gera fleiri félagsmönnum kleift að nýta sér húsið. Teknir eru tveir punktar á

sólarhring vegna leigu á Flórída.

Félagsmenn ávinna sér einn punkt fyrir hvern mánuð greiddra félagsgjalda. Nýir félagsmenn öðlast aðgang að orlofsvefnum eftir sex mánaða samfellda greiðslu félagsgjalda.

Leigutímabil fyrir orlofshús innanlands (ekki í Reykjavík).

1. júlí er opnað á bókunir fyrir tímabilið frá ágústlokum fram í byrjun janúar. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

1. nóvember er opnað á bókunir fyrir tímabilið janúar til maí fyrir utan páska. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

Leigutímabil fyrir orlofsíbúðir á Spáni og Kaupmannahöfn

Vetrartímabil – opnað fyrir bókunir 1. febrúar fyrir tímabilið 10. október fram að páskum. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

Sumartímabil – opnað fyrir bókunir 1. október fyrir tímabilið frá páskum til 10. október. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

Íbúðir í Reykjavík

1. nóvember er opnað á bókunir fyrir tímabilið janúar til ágústloka. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

1. júlí er opnað á bókunir fyrir tímabilið frá ágústlokum fram í byrjun janúar. Í gildi reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“

Engir punktar eru teknir af leigu íbúða í Reykjavík.

Orlofssvæði RSÍ á Skógarnesi þekkja flestir ef ekki allir félagsmenn. Þar má finna ýmislegt til afþreyingar. Gestir eru eindregið hvattir til að kynna sér vel þær reglur sem gilda á svæðinu. Orlofssvæðið er eingöngu opið félagsmönnum og gestum þeirra.

Orlofshúsasvæðið í Miðdal er 10 km. austur af Laugarvatni. Þar eru góðar gönguleiðir um svæðið og upp með Skillandsárgljúfri. Á svæðinu er ýmislegt til afþreyingar eins og leiktæki og minigolf. Í Miðdal er golfvöllurinn Dalbúi, 9 holu golfvöllur.

Tjaldsvæðið í Miðdal



Í Miðdal er glæsilegt tjaldsvæði í fallegu umhverfi. Á svæðinu er gott þjónustuhús með salernis- og sturtuástöðu. Góð aðstaða fyrir börn, t.d. leiktæki, ærslabelgur og körfuboltvöllur. Tjaldvæðið er opnað í lok maí eða byrjun júní og fer þá eftir því hvenær frost fer úr jörðu.

GPS hnit: 64° 14.634'N, 20° 40.361'W



Tjaldsvæðið er opnað í maí ár hvert þegar frost er farið úr jörðu og er opið fram í september. Tjaldsvæðið er búið öllum þeim þægindum sem hægt er að bjóða á tjaldsvæði s.s. snyrting, sturta, gasgrill, útivaskar undir þaki, heitt og kalt vatn, leiktæki, körfuboltavöllur og fótboltavellir, púttvöllur og 9 holu þar 3 golfvöllur, blöðrutrampólín, veiði, bátar ofl. ofl.

GPS hnit: 20°39'23.40"W, 64°11'6.73"N

Tjaldsvæðið á Skógarnesi



Stóra húsið á Skógarnesi

Húsið er 270 fm. að stærð. Alrými hússins er u.þ.b. 70 fm. Í húsinu er arinn, dvd spilari, myndlykill fyrir Stöð 2, billiardborð og flatskjár. Eldunaraðstaða er mjög góð, öll áhöld til matargerðar og borðbúnaður fyrir allt að þrjátíu og fimm manns. Í húsinu eru tvö baðherbergi og tekur stærð þeirra mið af þeim fjölda sem húsið er hannað fyrir. Tveir stórir kæliskápar m/frysti, stór bakarofn, stórt helluborð, örbylgjuofn, tveir vaskar, tvær uppþvottavélar og gott skápláss. Frá síðustu helgi í júní til síðustu helgar í ágúst er hægt að leigja stórt samkomutjald, staðsett á pallinum. Borð og stólar fylgja. Góð aðstaða er til leikja og útivistar á svæðinu og opin fyrir alla er svæðið gista. Veiði er leyfð í vatninu frá bökkum þess allt að 10 metra frá landi. Á sumrin er hægt að fá lánaðan bát hjá umsjónarmanni.



SKÓGARNES VIÐ APAVATN

Herbergjafjöldi: 6 svefnherbergi

Svefnpláss: Fyrir 28, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 35.

Heitur pottur: 2 heitir pottar eru við húsið.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já, tvö rúm.

Barnastóll: Já, tveir stólar.

Internet: Já.

GPS hnit: 20°39'23.40"W, 64°11'6.73"N

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.



Stærri húsin á Skógarnesi

Stærri húsin á Skógarnesi eru tíu, hús nr. 5 - 14. Húsin eru 90 fm. að stærð.

Í öllum herbergjum eru tvíbreið rúm (ca. 160 cm. á breidd) og í tveimur herbergjum eru auk þess kojur.

Húsið er búið öllum helstu þægindum s.s flatskjá í stofu og hjónaherbergi. Í húsinu er stórt alrými og hiti í gólfum. Í sér húsi við heita pottinn er baðherbergi með sturtu og geymsla.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu.

Hundar er velkomnir í hús nr. 12 - 14.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 10, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 20°39'23.40"W, 64°11'6.73"N

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við hús 5 - 11. Hundar eru heimilir í húsum 12 -14.



Minni húsin á Skógarnesi

Minni húsin eru fjögur, hús nr. 1 - 4. Húsin eru 67 fm. að stærð. Í einu herbergi er tvíbreitt rúm (152 cm. á breidd) og hinu herberginu koja, neðri koja 120 cm. á breidd.

Húsið er fullbúið húsgögnum og öllum almennum áhöldum til matargerðar. Á rúmgóðri verönd er heitur pottur, útihúsgögn og gasgrill í útigeymslu.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu.



Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 5, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 20°39'23.40"W, 64°11'6.73"N

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.



Svignaskarð



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 10, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 39,961'N, 21° 41,997'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.

Svignaskarð er í Borgarfirði, 17 km. í norður frá Borganesi. Þar eru tvö hús í eigu RSÍ. Á svæðinu eru mörg hús annarra stéttarféлага. Í þjónustuhúsi er umsjónarmaður svæðisins

Húsin eru tæplega 60 fm. að stærð. Í einu herbergi er hjónarúm, 152 cm. að breidd, tvö herbergi með kojju, neðri kofan er 120 cm. á breidd og einbreiðar kojur þar fyrir ofan. Myndlykill fyrir Stöð 2 er í húsinu. Leiðbeiningar eru í húsinu.



Stykkishólmur



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 65° 4,392'N, 22° 43,622'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Húsið er á tveim hæðum, byggt í gömlum stíl. Á neðri hæð er anddyri, bað, stofa og eldhús auk eins svefnherbergis með hjónarúmi (breidd 152 cm.). Á efri hæð eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi (breidd 152 cm.) og tvö 90 cm. rúm í hinu. Húsið stendur fyrir neðan nýju kirkjuna rétt hjá hótelinu og sundlauginni.



Flókalundur í Vatnsfirði



Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 6.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Nei.

Uppþvottavél: Nei.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nei

GPS hnit: 65° 34,577'N, 23° 10,083'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Í Flókalundi, sem er friðað svæði, á RSÍ eitt hús í sextán húsa byggð sem er í eigu nokkurra stéttarféлага. Húsið er u.m.p.b. 40 fm. að stærð. Sundlaug og heitur pottur er við þjónustuhús í orlofsbyggðinni. Húsið er í leigu frá byrjun júní og fram í september.



Varmahlíð



Herbergjafjöldi: 4 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 12, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 19°26'46.09"W,65°33'1.73"N

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Orlofshúsið er í byggðinni í Varmahlíð, Furulundi 8.

Húsið er á tveimur hæðum, samtals 120 fm. að stærð. Tvö svefnherbergi eru á neðri hæð og tvö á efri hæð.

Á neðri hæðinni er eitt herbergi með tvíbreiðri neðri koju og einbreiðri efri koju, í hinu herberginu er hjónarúm (160 cm. á breidd).

Á efri hæðinni er annað herbergið með tvíbreiðri neðri koju og tveimur einbreiðum svefnstæðum þar fyrir ofan. Í hinu herberginu er tvíbreið neðri koja og einbreið efri koja. Í húsinu eru tvö baðherbergi, eitt á hvorri hæð, bæði með sturtu.



Kristjánshagi á Akureyri

Við Kristjánshaga 2 sem er fjölbýlishús eru sex íbúðir til leigu fyrir félagsmenn. Kristjánshagi er sunnan til í bænum, upp af flugvelli í svokölluðu Hagahverfi. Fimm íbúðir eru með þremur svefnherbergjum, í tveim herbergjum er hjónarúm (152 cm. á breidd) og í því þriðja er kofa, einbreið efri kofa (90x200 cm.) og tvíbreið neðri kofa (120x200 cm.). Gólfhiti er í íbúðunum og loftræsting. Svalir eru til vesturs.

Ein íbúð (nr. 206) er með einu svefnherbergi með hjónarúmi (152 cm. á breidd).

Prífagjald er innifalið í leiguverði.

Ein íbúðin er nýtt sem sjúkraíbúð og ekki bókanleg á orlofsvef. Bókanir á skrifstofu RSÍ.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi/
1 svefnherbergi er í einni íbúðinni.

Svefnpláss: Fyrir 6/
fyrir 2 í einni íbúðinni

Borðbúnaður: Fyrir 8/
fyrir 4 í einni íbúðinni.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já,
þvottaefni fylgir ekki.

Þurrkari: Já.

Uppþvottavél: Já,
þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 65°41'53.6"N, 18°07'49.1"W

**Athugið að gæludýr eru
bönnuð í og við íbúðirnar.**

Í Furulundi 8 sem er tveggja hæða fjölbýlishús eru fimm íbúðir til leigu fyrir félagsmenn RSÍ. Fjórar íbúðanna, **8L, 8K, 8P og 8T** eru 55 fm. að stærð, í orlofsíbúðunum er annað herbergið með hjónarúmi (152 cm. að breidd) og kojur fyrir þrjá í hinu. Myndlykill er í öllum íbúðunum og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í íbúðinni.

Íbúð **8N** er 95 fm. að stærð. Hún er á neðri hæð með sér inngangi af svölum. Í þremur herbergjum eru hjónarúm (152 cm. á breidd) og eitt herbergi með koju fyrir þrjá, 120 cm. neðri koja og 80 cm. efri.



Íbúðir 8L, 8K, 8P og 8T

Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 5.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

Íbúð 8N

Herbergjafjöldi: 4 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 9.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 65° 40,565'N, 18° 7,368'W.

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við íbúðirnar.

Orlofshúsabyggðin að Illugastöðum í Fnjóskadal er í um 50 km. fjarlægð fyrir austan Akureyri. Á svæðinu á fjöldi verkalýðsfélaga orlofshús. Stutt er í Vaglaskóg sem er vinsælt útivistarsvæði.

RSÍ á eitt hús ca. 45 fm. að stærð. Á sumrin eru tvo hús til umráða, þá fær RSÍ hús nr. 10 í skiptum fyrir hús í Klifabotni. Í alrými er setustofa, borðstofa og eldhúskrókur, auk þess baðherbergi með sturtu. Hjónarúm er í einu herberginu (152 cm. á breidd) og eitt herbergi með einbreiðum kojum.

Á svæðinu er sundlaug, heitir pottar og gufubað fyrir orlofsgesti gegn gjaldi. Minigolf er á svæðinu og hægt að fá kylfur leigðar hjá sundlaugarverði. Þar er einnig fótboltavöllur, blakvöllur og leiktæki.

Verslun með helstu nauðsynjar er í Kjarnahúsi. Leyfilegt er að aka að húsunum við komu og brottför, á öðrum tímum er umferð bönnuð nema af heilsufarsástæðum.

Afhending lykla er hjá umsjónarmanni, opið frá kl. 16-21 á föstudögum.

Svarað er í síma 462 6199 mánudaga til fimmtudaga frá kl. 13-17.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6/ 8

Hægt er að fá lánaðar dýnur í Kjarnahúsi.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Nei.

Uppþvottavél: Nei.

Ferðabarnarúm: Nei, en hægt að panta hjá umsjónarmanni í síma 462-6199.

Barnastóll: Nei, en hægt að panta hjá umsjónarmanni í síma 462-6199.

Internet: Þráðlaust net.

GPS hnit: 65° 37,053'N, 17° 49,075'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.

Vaglaskógur

Orlofshúsið í Vaglaskógi er á tveimur hæðum á mjög fallegum stað í skóginum í góðri fjarlægð frá annarri byggð. Vaglaskógur er í 40 km. fjarlægð frá Akureyri. Stórt svæði og leiktæki eru fyrir framan húsið.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi á hvorri hæð. Hjónarúm er í báðum herbergjum á neðri hæð (152 cm. á breidd) ásamt koju í öðru herberginu.

Hjónarúm (152 cm. á breidd) er í herbergi á efri hæð og tvö einbreið rúm í hinu. Baðherbergi er á neðri hæð og salerni á efri hæð. Á efri hæð er jafnframt alrými með svölum til suðurs. Eldhús og dagstofa er á neðri hæð. Í sér húsi við heita pottinn er baðherbergi og geymsla.

Þrif eru innifalin í leiguverði.



Herbergjafjöldi: 4 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 11.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: Já, tvö.

Barnastóll: Já, tveir.

Internet: Já.

GPS hnit: 65° 41,372'N, 17° 52,329'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Einarsstaðir



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6/7 í húsi 30.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já er í

umsjónarmannshúsi, opið frá 8:00-17:00 á virkum dögum.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir/ekki í húsi 30.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nei - 3G og 4G er fyrir hendi.

GPS hnit: 14°29'43.66"W, 65°10'29.45"N

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.

Að Einarsstöðum er orlofssvæði fjölda verkalýðsfélaga. Einarsstaðir eru miðja veginni milli Egilsstaða og Hallormsstaða. Þar á Rafiðnaðarsambandið þrjú hús sem eru nr. 4, 13 og 30.

Í alrými er setustofa, borðstofa, eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Í húsum 4 og 13 eru tvíbreið rúm í tveimur herbergjum og einbreiðar kojur í einu. (70x160 cm.) Í húsi 30 eru tvíbreið rúm í tveimur herbergjum, efri koja í öðru og tvær kojur í þriðja herberginu.

Umsjónarmaður orlofsbyggðarinnar er á svæðinu.



Klifabotn



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 8, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, í saunabaðhúsinu, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nei.

GPS hnit: 14°54'43.44"W, 64°24'25.78"N.

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.

Í 30 km. fjarlægð austan við Höfn í Hornafirði á RSÍ tvö hús staðsett í fallegri fjallshlíð með útsýni til austurs.

Eitt herbergi með hjónarúmi (152 cm. á breidd). Í tveimur herbergjum eru kojur, 120 cm. á breidd sú neðri og 80 cm. efri koja.

Á orlofssvæðinu eru þrjú önnur hús í eigu verkalyðsfélaga og gufubaðshús sem er til afnota fyrir leigjendur allra húsanna.

Á sumrin er skipt á öðru húsinu fyrir hús á Illugastöðum. Yfir vetrartímann eru bæði húsin til leigu fyrir félagsmenn.



Kirkjubæjarklaustur B-hús

Nálægt byggðinni á Kirkjubæjarklaustri á RSÍ eitt hús við Hæðargarðsvatn, Kirkjubæjarklaustur B. Á Kirkjubæjarklaustri er sundlaug, veitingahús og verslun. Hús B er 60 m² að stærð, í einu herberginu er hjónarúm (152 cm. á breidd) og í hinum tveimur eru kojur, neðri 120 cm. á breidd og efri koja 80 cm. á breidd.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 7, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 18° 2'7.40"W, 63°47'14.36"N.

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Vestmannaeyjar, Foldahraun 9



Herbergjafjöldi: 4 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 8, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 63° 26.015'N, 20° 17.409'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Rafíðnaðarsamband Íslands hefur fest kaup á nýju endaraðhúsi í Vestmannaeyjum. Húsið er 175.5 fm. að stærð á einni hæð með fjórum svefnherbergjum og tveimur baðherbergjum. Stofa, borðstofa og eldhús mynda alrými. Innangengt er í bílskúr búinn afþreyingu.

Húsið er staðsett stutt frá golfvelli og því tilvalið fyrir golfáhugafólk að nýta tækifærið og spila golf í fallegu umhverfi.

Miðdalur/Leturberg og Litaberg

Leturberg hús nr. 2 - aðgengi fyrir fatlaða.

Í húsinu, sem er 88 fm. eru þrjú svefnherbergi, með þremur tvíbreiðum rúmum (120 cm., 180 cm. og 150 cm. á breidd) og í tveimur herbergjum eru auk þess kojur (90 cm. á breidd). Húsið er búið öllum helstu þægindum s.s flatskjá í stofu og stórum tvískiptum ísskáp.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu.

Litaberg hús nr. 7

Í húsinu, sem er 74 fm. eru þrjú svefnherbergi, með þremur tvíbreiðum rúmum (140 cm., 180 cm. og 160 cm. á breidd) og í tveimur herbergjum eru auk þess kojur (90 cm. á breidd). Húsið er búið öllum helstu þægindum s.s flatskjá í stofu. Lítil ísskápur m/fyrsti er í eldhúsi og stór tvískiptur ísskápur m/frysti í útigeymslu.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 8, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 14.634'N, 20° 40.361'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsin.

Gutenberg hús nr. 1

Í húsinu, sem er 110 fm. eru fjögur svefnherbergi, þrjú tvíbreið rúm (110 cm., 140 cm. og 160 cm. á breidd) og í tveimur herbergjum eru auk þess kojur (80 cm. á breidd), í einu herbergi er rúm fyrir einn.

Húsið er búið öllum helstu þægindum s.s flatskjá í stofu, stór ísskápur í eldhúsi og tvískiptur ísskápur m/frysti í holi inn af eldhúsi. Í húsinu er stórt alrými.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu. Einnig er hægt að kaupa netaðgang í gegnum beini frá Vodafone.



Herbergjafjöldi: 4 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 9, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 14.634'N, 20° 40.361'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.

Rúnaberg - Gufubað

Í húsinu, sem er 88 fm. eru þrjú svefnherbergi, þrjú tvíbreið rúm (tvö 140 cm., og eitt 180 cm. á breidd) og í tveimur herbergjum eru auk þess kojur (90 cm. á breidd) og eitt einbreitt rúm (90 cm.) í einu herbergjanna.

Húsið er búið öllum helstu þægindum s.s flatskjá í stofu og stórum tvískiptum ísskáp. Í húsinu er stórt alrými. Heitur pottur er við húsið og 12 fm. gufubað er í sérhúsi með sturtu.

Myndlykill er í húsinu og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2 og Fjölvarpsins, leiðbeiningar eru í húsinu. Einnig er hægt að kaupa netaðgang í gegnum beini frá Vodafone.



Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 10, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Sána: Já

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.


Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 14.634'N, 20° 40.361'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsið.



Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 10.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Nei.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 63° 59,676'N, 21° 9,651'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við húsinu.

Í orlofshúsabyggðinni Ölfusborgum eru 37 orlofshús og af þeim á RSÍ tvö hús. Þau standa efst í byggðinni en þaðan er gott útsýni. Umsjónarmaður er á svæðinu.

Annað húsið er 55 fm. að stærð og hitt er 52 fm. Í alrými er eldhús, borð- og setustofa

auk sólstofu. Tvö svefnherbergi með rúmum (152 cm. á breidd) og kojur í öðru herberginu. (svefnpláss fyrir tvo). Rúmgott baðherbergi með sturtu.

Myndlykill er í húsunum og hægt að kaupa tímabundna áskrift að sjónvarpsrásum Stöðvar 2, leiðbeiningar eru í húsunum.

Ljósheimar í Reykjavík



Í fjölbýlishúsi við Ljósheima 14 -18 eru fjórar íbúðir til leigu fyrir félagsmenn RSÍ. Íbúð 57 er 100 fm. að stærð með þremur svefnherbergjum; Tvö herbergi með hjónarúmi og eitt herbergi með tvíbreiðri neðri koju og einbreið efri. Íbúðir 55 og 83 eru 85 fm. að stærð með tveimur svefnherbergjum; Annað herbergið með

einbreiðri koju og hjónarúmi, hitt herbergið með hjónarúmi. (Íbúð 83 er með tvíbreiðri neðri koju) Ein íbúðin er sjúkraíbúð og einungis bókanleg á skrifstofu RSÍ.

Prífagjald er innifalið í leiguverði.

Herbergjafjöldi: 2/3

Svefnpláss: Fyrir 7, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá

Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 7.958'N, 21° 51.804'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við íbúðirnar.



Ljósheimar í Reykjavík



Í fjölbýlishúsi við Ljósheima 10, fjórðu hæð er ein íbúð til leigu fyrir félagsmenn RSÍ. Íbúðin er 100 fm. Íbúðin er þriggja herb., ásamt eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi. Tvöföld stofa, svefnherbergi með hjónarúmi, eitt minna

herbergi með koju (tvíbreið neðri koja), í stofu er svefnpláss fyrir tvo í svefnsófa.

Þrifagjald er innifalið í leiguverði.

Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi/ tvöfaldur svefnsófi í stofu.

Svefnpláss: Fyrir 7, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 10.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já.

Þurrkari: Já.

Ferðabarnarúm: já, barnasæng og koddí fylgja barnarúmi.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 7.987'N, 21° 51.860'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við íbúðina.



Hverfisgata Reykjavík



Við Hverfisgötu 58b í Reykjavík eru þrjár íbúðir (íb. 306, 406 og 505) til leigu fyrir félagsmenn RSÍ. Íbúðir 306 og 406 eru með tveimur svefnherbergjum, tvíbreitt rúm í öðru herberginu og koja í hinu, einbreið efri koja og tvíbreið neðri (120 cm).

Íbúð 505 er með einu svefnherbergi með einu tvíbreiðu rúmi og öðru einbreiðu. Stæði í bílageymslu fylgir íbúðunum, fjarstýring að hurð er á lyklakippu.

Þrifagjald er innifalið í leiguverði.

Herbergjafjöldi: 2/1 í íb. 505

Svefnpláss: Fyrir 5/3 íb. 505, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Nettenging er frá

Vodafone, leiðbeiningar eru í húsinu.

GPS hnit: 64° 8.730'N, 21° 55.500'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við íbúðirnar.

Gerplustræti Mosfellsbæ



Í Mosfellsbæ við Gerplustræti 35 (íb. 309) og 37 (íb. 312) eru tvær íbúðir til leigu fyrir félagsmenn RSÍ. Íbúðirnar eru 99 fm. að stærð, þrjú svefnherbergi. Tvö með tvíbreiðum rúmum, í því þriðja er kaja með tvíbreiðri neðri kaju og einbreiðri efri kaju.

Stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni, fjarstýring að hurð er á lyklakippu.

Prífagjald er innifalið í leiguverði.

Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 7, sængurlín fylgir ekki.

Borðbúnaður: Fyrir 10.

Heitur pottur: Nei.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir.

Ferðabarnarúm: já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 64° 10.068'N, 21° 39.660'W

Athugið að gæludýr eru bönnuð í og við íbúðirnar.

Kaupmannahöfn



Um er að ræða 130 fm. íbúð á annarri hæð í fjölbýlishúsi við Christianshavn í Kaupmannahöfn. Lyfta er í húsinu. Íbúðin er við Johan Semp's Gade 7 sem er í miðri borginni, skammt frá Strikinu. Staðsetning er afar góð og í göngufæri við miðborgina, söfn, verslanir og veitingastaði. Mjög gott er að taka Metro frá og til flugvallar. Næsta lestarstöð heitir Cristianshavn. Tvíbreið rúm eru í báðum svefnherbergjum, tvö baðherbergi eru í íbúðinni. Sængurlín og handklæði fylgja fyrir sex manns.

Ath. að aðeins er eitt sett á mann pr. leigutíma. Hreint lín er geymt í geymslu við hlið íbúðar (beint á móti stiganum). Í íbúðinni er sjónvarp og internetaðgangur.

Þrífagjald er innifalið í leiguverði. En ganga þarf snyrtilega frá íbúðinni og henda rusli og þrifa ísskáp. Fylgja þarf reglum um flokkun sorps.

Lykla þarf að sækja á skrifstofu RSÍ.

Herbergjafjöldi: 2 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6, þar af tveir á svefnsófa í stofu.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Purrkari: Já.

Þvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki.

Uppþvottavél: Já, þvottaefni fylgir ekki

Ferðabarnarúm: Já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 55°40'18.82"N 12°35'13.00"E



La Zenia Spánn



Á La Zenía svæðinu suður af Torrevieja stutt frá Villamartin á Rafiðnaðarsambandið þrjár nýjar íbúðir. Aksturstími frá Alicante flugvelli er ca 50 mínútur sé farið eftir N332. Íbúðirnar eru í ca. 20 mín göngufæri (ca. 2,5 km.) frá La Zenía Boulevard verslunarmiðstöðinni. Einnig er örstutt að ganga í Los Dolces þjónustukjarnann, þar sem er gott úrval veitingastaða og verslana. Miðborg Torrevieja er í ca. 15. mín akstursleið. Fjölbreytt úrval golfvalla er í nágrenninu t.d. Villamartin, Las Ramblas, Campoamor, Las Colinas ofl. Um er að ræða svokölluð „fjarkahús“, þar sem fjórar íbúðir eru í húsinu. Íbúðirnar eru á tveimur

hæðum. Á neðri hæð er gengið inn í rúmgott alrými, stofa, eldhús og borðstofa. Einnig er eitt svefnherbergi (152 cm. á breidd) á neðri hæð. Á annarri hæð eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi (152 cm. á breidd) og hitt með koju fyrir tvo með útgengi út á svalir. Baðherbergi með sturtu er á báðum hæðum. Góð sameign með fallegum sameiginlegum sundlaugargarði. Sér bílastæði fyrir einn bíl á lokaðri lóð fylgir.

Lykla þarf að sækja á skrifstofu RSÍ.

Herbergjafjöldi: 3 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 6.

Borðbúnaður: Fyrir 8.

Þurrkari: Já.

Þvottavél: Já.

Uppþvottavél: Já.

Ferðabarnarúm: Já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 37°56'11.1"N 0°44'47.1"W



Flórída í BNA

Rafiðnaðarsamband Íslands og MATVÍS hafa fest kaup á tveimur orlofshúsum á Flórída, nánar tiltekið í Rosemont Woods í Davenport. Um er að ræða lokað svæði (e. gated community) þar sem hliðvarsla er allan sólarhringinn. Orlofshúsin eru á tveimur hæðum og eru fimm herbergi í hvoru húsi með svefnplássi fyrir tíu manns. Tvö herbergi með „kingsize“ rúmi, eitt herbergi með „queensize“ og tvö herbergi með tveimur einstaklings rúmum hvort. Fjögur salerni eru í húsunum. Sundlaugar eru við húsin auk þess sem leiksvæði er í bílskúrum húsanna.

18 holu golfvöllur er innan svæðisins en völlurinn er hannaður af Michael Dasher. Í klúbbhúsi svæðisins er að finna veitingastað, bar, sundlaugar með rennibrautum, tvo tennisvelli og ýmislegt fleira. Því er ljóst að félagsmenn ættu að geta fundið eitthvað við hæfi innan svæðisins. Félagsmenn geta leigt húsið í dagleigu og er ætlast til að leigutímabil sé ekki lengra en tvær vikur, en þó er veittur sveigjanleiki á að leigja allt að þrjár vikur að hámarki. Fast gjald er fyrir hverja nótt sem leigð er eða kr. 12.000 auk þrifagjalds kr. 15.000 sem rukkað er einu sinni fyrir hverja leigu, óháð tímalengd. Húsin leigjast frá kl. 16.00 og skal yfirgefa kl. 10.00 að morgni brottfarardags.

Auðveldast er að sjálfsgöðu að nota GPS tæki eða Google Maps í farsíma (hugið vel að gagnamagni í farsíma) til þess að finna svæðið og þá er leitað eftir “Rosemont Woods At Providence”.



Herbergjafjöldi: 5 svefnherbergi.

Svefnpláss: Fyrir 10.

Borðbúnaður: Fyrir 12.

Heitur pottur: Já.

Gasgrill: Já.

Þvottavél: Já.

Uppþvottavél: Já.

Ferðabarnarúm: Já.

Barnastóll: Já.

Internet: Já.

GPS hnit: 28°12'56.5"N 81°33'07.1"W

Ferð heldrifélaga

Rafíðnaðarsamband Íslands býður félagsmönnum sem hættir eru á vinnumarkaði í sumarferð. Þar gefst tækifæri til að hitta gamla félagi og rifja upp gömul kynni og jafnvel mynda ný. Þessar ferðir hafa verið vel sóttar og notið vinsælda en á undaförnum árum hafa ýmsir staðir verið heimsóttir eins og Minjasafnið að Skógum, Reykjanesvirkjun, Bláa lónið, Draugasafnið á Stokkseyri, Veiðisafnið á Stokkseyri, Saurbær í Hvalfirði, Hvanneyri og Borgarnes.



Fjölskyldahátíð RSÍ




Fjölskylduhátíðin er orðin fastur liður í lífi margra fjölskyldna sem mæta í Skógarnesið ár eftir ár. Hátíðin nýtur mikilla vinsælda og sjaldan eru fleiri samankomnir á Skógarnesinu en þá helgi. Dagskráin er fjölbreytt að venju og hentar öllum aldurshópum.

Fylgstu með hvenær hátíðin verður haldin í ár og taktu helgina frá og komdu á fjölskylduhátíð RSÍ.





SKÓGARNES VIÐ AÞAVATN





**RAFIÐNÁÐARSAMBAND
ÍSLANDS**